

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 12. maí 2016
UST201605-079/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla - landfylling í Elliðaárvogi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 4. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.


Um er að ræða 13 ha landfyllingu í framhaldi af athafnasvæði Björgunar í Elliðaárvogi.


Fram kemur í frummatsskýrslu að botndýralíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði beri nokkur merki þeirrar starfsemi sem þar hefur farið fram á undanförunum áratugum. Ekki fundust sjaldgæfar tegundir né tegundir sem hafa sérstakt verndargildi á svæðinu. Áhrif á laxfiska geta orðið nokkuð neikvæð vegna skerðingar á fæðumöguleikum. Talið er að með góðu verklagi verði unnt að koma í veg fyrir verulega gruggmyndun meðan á framkvæmdum stendur. Talið er að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fuglalíf.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að gera eigi ráð fyrir hækkun sjávarborðs vegna hlýnunar við hönnun landfyllingarinnar.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri